

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

24.11. 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, þingmál 276.

Flugfélag Íslands hefur falið LOGOS lögmansþjónustu að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Í 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að við 6. tölul. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ákvæði þetta tekur þó ekki til tekna af leigu loftfara og skipa sem notuð eru til flutninga á alþjóðaleiðum.

Þessi breyting gengur of skammt og ætti að taka til allra leigugreiðslna af loftförum og skipum óháð þeim leiðum sem flogið er á, enda óljóst hvernig skattskyldan hefur verið þannig að mjög væri til bóta að skýrari lagatexti væri víðtækari.

Um er að ræða afmarkaða atvinnustarfsemi þar sem þarf að leigja dýrar flugvélar og skattlagning slíkra leigugreiðslna á Íslandi, þegar leigusalar eru erlendir aðilar, veldur verulega auknum kostnaði við leigu. Þetta á við óháð því hvort flogið er innanlands eða milli landa. Þá eru íslensk félög í flugrekstri innanlands í fyllilega sambærilegri stöðu að því er varðar skatta og önnur íslensk félög í flugrekstri, þ.e. allar tekjur slíkra félaga eru í báðum tilfellum skattskyldar að fullu á Íslandi, óháð því hvar flogið er að sama skapi á skattlagning tekna erlendra aðila að vera óháð því hvar flogið er.

Því veldur sú skattlagning sem frumvarps greininni er ætlað að afnema jafn miklu óhagræði fyrir félög í innanlandsflugi eins og félög í millilandaflugi auk þess sem skattalega er staða þeirra eins í báðum tilfellum. Því er lagt til að breytingin geri ekki greinarmun á leigugreiðslum eftir því hvar flugvélar eru notaðar. Er því lagt til að breytingin nái til allra loftfara og skipa og að 1. gr. frv. hljóði svo:

„Við 6. tölul. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ákvæði þetta tekur þó ekki til tekna af leigu loftfara og skipa.“

Virðingarfyllst,



Fh. Erlendar Gíslasonar, hrl.
Jón Elvar Guðmundsson

Eigendur